

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. Óveruleg breyting á deiliskipulagi. Sætún 10-12, Suðureyri.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur er skilgreindur og stækkaður, einnig eru lóðarmörk skilgreind á uppdrætti.

2. Óveruleg breyting á deiliskipulagi. Bræðratunga, Tunguskeið, Ísafirði.

Breytingin felst í að lóðum er fjölgað úr fjórum í fimm og lóðirnar stækka. Lóðirnar færast fjær Bræðratungu og nær Tungubraut, einnig aðkoman að lóðunum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 26. maí 2017.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.